



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis,
150 Reykjavík

Breiðdalsvík, 20. janúar 2012

Til. 2012012002/01-01

Efni: Samgönguáætlun

393.mál

Með bréfi þessu vill sveitarstjórn Breiðdalshrepps senda Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sínar áherslur varðandi vegamál, og með þeim eindregnum tilmælum að eftirfarandi framkvæmdum verði komið inn á komandi samgönguáætlun.

Um er að ræða eftirtaldar framkvæmdir:

1. Klæðning á þjóðveg 1 frá Ásunnarstöðum í Breiðdal að Axarvegamótum í Skriðdal.
2. Klæðning á héraðsvegum í Breiðdal (vegnúmer 962, 964 og 966).

Til nánari útskýringar:

Klæðning á þjóðvegi 1 frá Ásunnarstöðum í Breiðdal að Axarvegamótum í Skriðdal

Lögð er rík áhersla á að lokið verði hið fyrsta að klára klæða þjóðveg 1 í Breiðdal og yfir Breiðdalsheiði að Axarvegamótum í Skriðdal

Um er að ræða ca. 19 km kafla. Vegurinn er þegar uppbyggður og í réttri veglínu alla leið. Því er ljóst að framkvæmdin er í alla staði mjög einföld í framkvæmd. Einnig er ljóst að framkvæmd þessi ætti ekki að þurfa fara í umhverfismat.

Jafnframt er ljóst að þar sem vegurinn er þegar uppbyggður, snýst framkvæmdin einungis um smávægilegar lagfæringar og síðan lagningu bundins slitlags. Sumarið 2010 var um 0,5 km kafli við Höskuldsstaði lagfærður með þeim hætti sem hér er lagt til.

Vegurinn er mikilvæg tenging íbúa í Breiðdalshreppi við Fljótsdalshérað. Jafnframt er vegurinn eðlilega mjög mikilvægur fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem búa í Breiðdal. Ennþá hefur búskapur og búseta haldið sér nokkuð vel í Breiðdalshreppi. Í þriðja lagi þá er vegurinn mikilvægur fyrir

Breiðdalur

...brosir við þér



Breiðdalshreppur
760 Breiðdalsvík

www.breiddalur.is

vaxandi ferðaþjónustu í Breiðdal. En sú atvinnugrein hefur vaxið hvað mest í sveitarfélaginu síðastliðin ár og eru nú sem dæmi rekin fimm hótél, og því til viðbótar önnur gisting, kaffihús og fl.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hluta af þeim kafla sem lagt var bundið slitlag á við Höskuldsstaði síðastliðið sumar og þá með sama hætti og hér er lagt til.



Klæðning á héraðsvegum í Breiðdal (vegnúmer 962, 964 og 966).

Í Breiðdal er hátt hlutfall af Héraðsvegum. Þeir eru í grunnin þrír 962 Norðurdalsvegur, 964 Breiðdalsvegur og 966 Suðurbyggðarvegur. Allir þessir vegir eru malavegir og eru samtals yfir 35 km langir.

Með sömu rökum og hér að framan, þ.e. þarfir íbúasveitarfélagsins, búskapur og vaxandi ferðaþjónusta er ljóst að fyrir löngu er komin tími fyrir endurbætur á framangreindum vegum. Í þessu samhengi má nefna sem dæmi að umferð um þessa vegi hefur margfaldast síðustu ár með aukinni veiði í Breiðdalsá.

Framangreindar framkvæmdir eru studdar með ályktunum aðalfundar SSA síðustu ár.

Með óskum um góðar undirtektir,

Páll Baldursson
Sveitarstjóri Breiðdalshrepps

Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík

s: 4 705 561 / f: 4 756 758 / g: 896-6716

palli@breiddalur.is / www.breiddalur.is

2008

Ályktun um Starfsendurhæfingu Austurlands.

42. aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. og 27. september 2008 fagnar stofnun Starfsendurhæfingar Austurlands sem mikilvægri viðbót í félagslegt öryggisnet á svæðinu. Hvetur hann sveitarfélög á Austurlandi til að standa vörð um starfsemina.

Dingsljál nr. 14 samþykkt samh.jóða.

4. Samgöngunefnd - Flutningsmaður: Ólafur Hr. Sigurðsson.

Nefndarmenn: Andrés Skúlason, Eiður Ragnarsson, Guðmundur Þorgrímsson, Smári Geirsson, Baldur Pálsson, Gunnar Jónsson, Jónas Guðmundsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Reynir Arnarsson, Aðalbjörn Björnsson

Vegamál

1. Að áhersla verði lögð á að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það. Skal þá hafa að leiðarljósi öryggi vegfarenda ásamt umferðarþunga og styttingu leiða Einnig ætti það að vera algert forgangsverkefni að útrýma einbreiðum brúm á öllum aðalleiðum vegakerfisins, og einnig þarf auknar tjárveitingar til viðhalds á þjóðvegum vegna aukinna þungaflutninga Fundurinn vill einnig lýsa sérstakri ánægju við samgönguyfirvöld með ákvörðun um flýtingu á nýjum vegi um Öxi þar sem áætluð verklok eru árið 2011.
2. Að eftirtaldir kaflar á þjóðv. 1 verði forgangsverkefni og þeim verði lokið sem allra fyrst:
 - Í Örefasveit,
 - við Hornatjarðarfljót.
 - í Berutjarðarbotni.
 - í Breiðdal.
 - í Skriðdal.
3. Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda, með tilliti til öryggis, umferðarþunga styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - á Öxi.
 - í Stöðvarfirði.
 - í Fáskrúðsfirði.
 - á Borgartjarðarvegi.
 - um Jökulsárhlíð.
 - Mjóatjarðarheiði.
 - Vegna tengingar Vopnatjarðar um Vopnatjarðarheiði við þjóðveg 1.
4. Að mikilvægt sé að auka verulega vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsárssamgöngur milli allra byggðakjarna. Leggja skal áherslu á að þau þjónustustig sem eru skilgreind séu haldin og stækka svæði sem þjónustustig 2 nær til.
5. Að tryggt verði fjármagn til girðinga meðfram öllum þjóðvegum á Austurlandi og veghaldari sjái um viðhald þeirra.
6. Að tryggt sé að reiðleiðir og stígar meðfram þjóðvegum fá einnig fjármagn frá hinu opinbera.
7. Að auknu fé verði veitt í þjóðvegi sem liggja um þéttbýli í fjórðungnum, en viðhaldi og endurbótum er víða ábótavant.

iii) Samgöngunefnd.

Björn Ármann Ólafsson mælti fyrir tillögunum:

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi.

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi byggist á þremur meginásam í austfirsku atvinnulífi. Þeir eru Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, Fejjuhöfn í Seyðisfirði og Flugvöllur á Egilsstöðum.

Litíð sé á að þessir meginásar séu þau svæði sem eiga eftir að skila Austfirðingum öllum auknum atvinnutækifærum, og því nær sem þessir staðir eru hvor öðrum í tíma, þeim mun meiri líkur eru að tækifærin nýtist öllum Austfirðingum.

Því leggur SSA til að sú leið verði farin sem hér segir í því að byggja upp samgöngur til framtíðar á Austurlandi.

Leitast verði við að stytta allar meginleiðir milli þessara þriggja ása sem nefndir eru hér að ofan. Með tryggum heilsárssamgöngum og hámarksstyttingu, verður meginpartur Austurlands orðinn að einu atvinnu- og þjónustusvæði.

Skilgreining á þjónustusvæði hefur til þessa falist í 100km radius frá þjónustukjarna og skilgreining atvinnusvæðis hefur falist í 50km radius frá vinnustað.

Ljóst er að uppbygging þjónustu og atvinnutækifæra á jaðarsvæðum verður auðveldari eftir því sem vegalengdir innan fjórðungsins stytta.

Ssa er ljóst að þessi framtíðarsýn er langtíamarkmið og því telur fundurinn að ekki sé ástæða til að setja þessa áætlun í tímaramma, en það er auðvitað að hluta til tilkomið vegna þess óvissuástands sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Fundurinn er sammála um að áherslur á vegabætur byggist ætíð á eftirtöldum forsendum:

- Öryggi vegfarenda.
- Umferðarþunga.
- Styttingu vegalengda.
- Tryggjum heilsárssamgöngum.

Á tímabilinu 2011 – 2022 verði löggð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það. Einnig þarf að tryggja fjármagn í þær framkvæmdir sem nú þegar hafa verið ákveðnar og undirbúnar.
- Að leggja alla stofn- og tengivegi í fjórðungnum bundnu slitlagi
- Markviss fækkun einbreiðra brúa
- Markviss stytting vegalengda.
- Veggöng til að tryggja öryggi, heilsárssamgöngur og stytta vegalengdir
- Að efla almenningsamgöngur í fjórðungnum.

Vegamál

1 Að eftirtaldir kaflar á þjóðvegi 1 verði forgangsverkefni og að þeim verði lokið sem allra fyrst:

- í Berufjarðarbotni.
- í Breiðdal.
- í Skriðdal.

2010

Samgöngumál

Vegir-flug-hafnir-fjarskipti .

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, haldinn á Breiðdalsvík dagana 24. og 25. september 2010, lítur svo á að þær áherslur í samgöngumálum er voru mótaðar í framtíðarsýn í landssamgöngum á Austurlandi á aðalfundi SSA, dagana 25. og 26. september 2009, séu sá vegvisir er hafa beri að leiðarljósi á komandi árum varðandi þennan mikilvæga málaflokk.

Aðalfundur SSA felur því stjórn samtakanna að vinna í þeim anda er þar kemur fram en leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi á komandi starfsári:

Vegasamgöngur : Aðalfundur SSA leggur áherslu á að Jarðgöng og aðrar mikilvægar stærri vegaframkvæmdir á svæðinu, sem um er getið í framtíðarsýn um landssamgöngur á Austurlandi, fari inn á fjögurra og tólf ára samgönguáætlun. Áhersla er lögð á að Norðfjarðargöng komi fyrst í röðinni af umræddum framkvæmdum enda er þar um að ræða mikilvæga framkvæmd út frá öryggissjónamiðum (tryggt aðgengi að fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað) auk þess að vera liður í því að styrkja Austurland sem heildstætt atvinnusvæði.

Aðalfundur SSA leggur þó ríka áherslu á að framlög til annarra nauðsynlegra vegabóta um Austurland eiga ekki að líða fyrir fyrirhugaðar stórar framkvæmdir, eins og t.d. jarðgangagerð. Skorað er á Alþingi að virða þetta sjónarmið og sjá til þess að nauðsynlegar vegabætur aðrar fái einnig rými á samgönguáætlun.

Aðalfundur SSA leggur áherslu á að framkvæmdir við stofn-, tengi- og safnvegi á Austurlandi fái flýtimeðferð, m.a. með hliðsjón af slæmu ástandi þeirra samanborið við ástand vega í öðrum landshlutum. ✓

- **Aðalfundur SSA beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra að þegar verði hafinn undirbúningur að útboði framkvæmda með klæðingu á Hringvegi 1 um Skriðuvatn og Víðigróf alls um 7 km leið.**
Áformuð veglína er sem næst á núverandi vegi og því ekki séð að verkið þurfi að fara í umhverfismat. ✓
- **Aðalfundur SSA beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra, að hluti Hringvegur 1 fyrir botn Berufjarðar, fari strax í frummat. Að afloknu umhverfismati verði þegar hafinn undirbúningur að útboði framkvæmda með klæðingu.**
- **Aðalfundur SSA beinir því til samgönguyfirvalda að staðið verði við fyrirheit um endurskoðun samninga um veghald þjóðvega í þéttbýli og að nýir samningar taki mið af þeim verðlagsbreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum.**

Almenningssamgöngur : Leitast verður við að gera almenningssamgöngur fjárhagslega-, samfélagslega- og umhverfislega hagkvæmar fyrir fjórðunginn sem he Aðalfundur SSA felur stjórn samtakanna að skoða í samstarfi við Vegagerðina kosti og galla þess að sveitarfélögin axli ábyrgð á þeim almenningssamgöngum sem innan fjórðungsins eru.

2011

Tillaga frá Jens Garðari var síðan borin upp í heild sinni og var hún felld, á móti tillögunni voru 19 atkvæði, með tillögunni voru 16 atkvæði.

Upprunaleg tillaga um „Nýfrankvæmdir“ síðan borin upp. Samþykkt með 21 atkv. gegn 7.

Endurbætur og viðhald vega – Gera þarf áttak í því að koma á bundnu slitlagi á aðra vegakafla sem enn eru með malaryfirborði. Eru þar fremstir í flokki Borgarfjarðarvegur, þjóðvegur nr. 1 um Breiðdal, vegurinn um Jökulsárhlíð og Upphéraðsvegur um Fell. Jafnframt er nauðsynlegt með tilliti til öryggis, að fjármagni verði varið í endurbyggingu á vegköflum í botni Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Hamarsfjarðar.

Samþykkt samhljóða.

Einbreiðar brýr – Nauðsynlegt er að ráðast í áttak til að fækka einbreiðum brúm, en á Austurlandi er t.a.m. að finna bróðurpart allra einbreiðra brúa sem enn eru á þjóðvegi nr. 1 auk fjölmargra annarra og hefur fjórðungurinn verið látinn sitja verulega á hakanum þegar kemur að endurnýjun.

Samþykkt samhljóða.

Veghald þjóðvega í þéttbýli. Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 beinir því til samgönguyfirvalda að staðið verið við fyrirheit um endurskoðun samninga um veghald þjóðvega í þéttbýli og að nýir samningar taki mið af þeim verðlagsbreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum. Samningar þessir hafa verið útrunnir til langs tíma, en stöðugt endurnýjaðir einhliða til eins árs af hálfu Vegagerðarinnar. Þetta vinnulag er óboðlegt til lengdar og ómögulegt að ætla sveitarfélögum að standa straum af kostnaðarhækkunum verkefna sem lögum samkvæmt heyra undir ríkisvaldið.

Samþykkt samhljóða.

Flugsamgöngur:

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur við Egilsstaðaflugvöll svo hann standi undir nafni sem valkostur í millilandaflogi. Í því sambandi skal ítrekað mikilvægi þess að fluglað við Egilsstaðaflugvöll verði stækkað til að auka öryggi flugvallarins og notkun hans. Aukið rekstrar og framkvæmdafé til Egilsstaðaflugvallar verði tryggt með því að hluti varaflugvallargjalds renni til flugvallarins eins og ráð er fyrir gert í lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála. Mikilvægt er að kynna Egilsstaðaflugvöll sem valkost í farþega-, frakt- og ferjuflugi og sem ákjósanlegan kost til millilendinga. Áhersla er lögð á að samgönguyfirvöld komi með virkum hætti að markaðssetningu flugvallarins.

Samþ. samhljóða.

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á að unnið verði að því að aðstaða og hluti útgerðar þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar verði á Egilsstaðaflugvelli. Einnig verði tryggt að Egilsstaðaflugvöllur verði notaður sem flugmiðstöð vegna starfsemi sem tengd er hugsanlegri olíuleit á Drekasvæðinu, samanber tillögur sérfræðinga þar um (þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði – Aðstöðusköpun og staðarval, Iðnaðarráðuneytið, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur, september 2008).

Eiður Ragnarsson flutti tillögu um að breyta 1 mgr. þannig að í stað „... verði á Egilsstaðaflugvelli“, kæmi „...verði á Austurlandi“. Borið undir atkvæði. Tillaga ER felld með 13 atkv. gegn 14.

Upprunaleg tillaga borin upp.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur SSA á Hallormsstað 30.09 – 01.10. 2011 leggur áherslu á mikilvægi öflugs innanlandsflugs og að áfram verði áætlunarflug til Egilsstaða og til Vopnafjarðar. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að Norðfjarðarflugvöllur verði lagður bundnu slitlagi þannig að hann megi þjóna sjúkraflugi sem best.

Samþykkt samhljóða.

45. aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 30. september og 1. október 2011